



LÖG

Borðtennissambands Íslands

1. gr.

Um Borðtennissamband Íslands

Sambandið heitir Borðtennissamband Íslands, skammstafað BTÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Er sambandið æðsti aðili um öll borðtennismál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2. gr.

Aðilar að Borðtennissambandi Íslands

Borðtennissamband Íslands er samband íþróttafélaga sem aðild hafa að héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Eru öll félög innan ÍSÍ sem iðka, æfa og keppa í borðtennis, aðilar að BTÍ.

3. gr.

Starf sambandsins

Í meginatriðum er starf sambandsins:

- 3.1. Að hafa yfirstjórn allra íslenskra borðtennismála.
- 3.2. Að vinna að eflingu og útbreiðslu borðtennisíþróttarinnar á Íslandi.
- 3.3. Að setja borðtennisíþróttinni á Íslandi lög og reglur og að framfylgja þeim.
- 3.4. Að sjá til þess að alþjóðlegum leikreglum og reglum BTÍ sé fylgt.
- 3.5. Að halda þjálfara- og dómara námskeið.
- 3.5. Að standa fyrir borðtennismótum á Íslandi og halda utan um mótaskrá.
- 3.6. Að standa fyrir deildarkeppnum á Íslandi og annast skipulag þeirra.
- 3.7. Að standa vörð um uppeldislegt gildi borðtennis og heiðarlegan leik.
- 3.8. Að annast erlend samskipti.
- 3.9. Að senda landslið í alþjóðleg mót og æfingarbúðir.

BTÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og skal vera hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð. BTÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum BTÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.



4 gr.

Félög sem BTÍ er aðili að

BTÍ er aðili að:

- 4.1. Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands.
- 4.2. ETTU, Borðtennissambandi Evrópu.
- 4.3. ITTF, Alþjóðlega Borðtennissambandinu
- 4.4. NETU, Norður Evrópu Borðtennissambandinu.

5. gr.

Borðtennisþing

Borðtennisþingið fer með æðsta vald í málefnum BTÍ. Fer réttkjörin stjórn BTÍ með vald sambandsins á milli þinga. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda BTÍ, sbr. 2. gr. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda í borðtennis og skal miða við fjölda virkra iðkenda á birtum styrkleikalista BTÍ næstliðin þrjú almanaksár fyrir þing.

- 1) Fyrir allt að 25 koma 2 fulltrúar.
- 2) Síðan einn fyrir hverja 25 eða brot úr 25 í allt að 50 iðkendum.
- 3) Síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 iðkendum.
- 4) Þá 1 fulltrúa fyrir hverja 100 eða brot úr 100 iðkendum

Þingið skal haldið annað hvert ár á tímabilinu 1. apríl til 1. júní. Skal boða til þingsins með minnst 1 mánaðar fyrirvara með auglýsingu á heimasíðu BTÍ og til aðildarfélaga sannanlegum hætti, t.d. með bréfi eða símskeyti eða með því að senda tölvupóst þar sem óskað er eftir staðfestingu á móttöku.

Tillögur sem sambandsaðilar óska að teknar verði fyrir á þinginu skulu tilkynntar stjórn BTÍ minnst 21 dögum fyrir þingið. Þá skal stjórn BTÍ, eigi síðar en 14 dögum fyrir þing, tilkynna sambandsaðilum, skriflega, dagskrá þingsins ásamt tillögum, sem fyrir þinginu liggja. Borðtennisþingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

6. gr.

Um fulltrúa aðildarfélaga á borðtennisþingi

Á borðtennisþinginu hafa aðeins fulltrúar sambandsaðila atkvæðisrétt og skulu þeir skráðir á kjörbréf viðkomandi aðila. Hafa fulltrúar 1 atkvæði hver. Auk fulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

- 6.1. Stjórn BTÍ, varastjórn og skoðunarmenn.
- 6.2. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- 6.3. Fastráðnir starfsmenn BTÍ og ÍSÍ.
- 6.4. Einn fulltrúi fá hverju íþróttahéraði sem hefur borðtennis innan sinna vébanda.



- 6.4. Fulltrúi Félags íslenskra borðtennisdómara.
- 6.5. Fulltrúi Borðtennisþjálfarafélags Íslands.
- 6.6. Nefndarmenn BTÍ.
- 6.7. Fulltrúi ráðuneytis íþróttamála.
- 6.8. Auk þess getur stjórn BTÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Fulltrúum félaga utan höfuðborgarsvæðisins er heimilt að fara með allt að 3 atkvæði enda hafi hann skriflegt umboð til þess undirritað af fulltrúa stjórnar. Umboðið tekur þó aðeins til þess að fara með atkvæði þess félags sem hann er fulltrúi fyrir.

7. gr.

Aukaping

Aukaping má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi skulu vera jafn margir og voru á næsta reglulega þingi á undan. Nýtt kjörbréf skal gefið út fyrir hvern aðila. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn. Þó má kjósa bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt borðtennisþing

8 gr.

Störf borðtennisþings

Störf borðtennisþings eru:

- 8.1. Þingsetning
- 8.2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- 8.3. Staðfesta lögmæti fundarins.
- 8.4. Kosning kjörbréfanefndar
- 8.5. Fara yfir fundargerð síðasta þings.
- 8.6. Afhending viðurkenninga.
- 8.7. Ávörp gesta.
- 8.8. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
- 8.9. Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitni skoðunarmanna)
- 8.10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
- 8.11. Reikningar borðnir undir atkvæði.
- 8.12. Fjárhagsáætlun
- 8.13. Lagabreytingar
- 8.14. Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
- 8.15. Kosning stjórnar og varamanna.
- 8.16. Kosning skoðunarmanna reikninga.
- 8.17. Val fulltrúa á íþróttaping.



- 8.18. Önnur mál.
- 8.19. Ávarp formanns.
- 8.20. Þingslit.

Fá fleiri en þeir sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (sbr. 5. gr.). Árskýrslu BTÍ, sem stjórnin skal leggja fjölrítaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum BTÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr.

Stjórn BTÍ

Stjórn BTÍ skipa 5 manns, þ.e. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Fyrst skal kosinn formaður til tveggja ára í senn. Síðan fjóra stjórnarmeðlimi til tveggja ára í senn. Stjórnin skal skipta með sér verkum. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Reikningsár BTÍ miðast vð almanaksárið. Einnig skal kjósa 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti, ef aðalmaður forfallast og koma þeir inn í sömu röð og þeir eru kosnir.

10. gr.

Starfsvið stjórnar BTÍ

Starfsvið stjórnar BTÍ er:

- 10.1. Að framkvæma ályktanir borðtennisþingsins.
- 10.2. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- 10.3. Að setja reglugerðir varðandi íþróttina.
- 10.4. Að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir mót á vegum BTÍ.
- 10.5. Að hafa á hendi þær framkvæmdir sem undir sambandið heyra.
- 10.6. Að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum borðtennisreglum og lögum sambandsins.
- 10.7. Að ákveða stund og stað fyrir borðtennisþing.
- 10.8. Að tilefna fulltrúa og varafulltrúa á ársþing ÍSÍ.
- 10.9. Að stuðla að og líta eftir opnum mótum.
- 10.10. Að skipa í fastanefndir BTÍ, sem eru mótanefnd, landsliðsnefnd og útbreiðslunefnd strax að loknu borðtennisþingi og setja nefndunum erindisbréf.
- 10.11. Að taka ákvarðanir um heiðursveitingar.
- 10.12. Að stuðla að útbreiðslu borðtennis á landinu.



Stjórn BTÍ hefur frjálsan aðgang að öllum borðtennismótum, sem fram fara innan vébanda BTÍ. Einnig á hún rétt á að sitja fundi fastanefnda BTÍ.

11. gr.

Formannafundir

Á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september ár hvert skal stjórn BTÍ boða til formannafundar allra þeirra félaga sem aðilar eru að BTÍ. Á fundinum gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum og áætlun um starfið fram til næsta þings eða formannafundar. Kynnt skal starf nefnda auk þess sem lögð skal fram mótaskrá komandi keppnistímabils. Það ár sem borðtennisþing er ekki haldið leggur stjórn BTÍ fram ársreikninga sambandsins fyrir næsta reikningsár á undan ásamt fjárhagsáætlun næsta árs til kynningar.

12. gr.

Samstarf stjórnar BTÍ og aðildarfélaga

Stjórn félaga annast samskipti við stjórn BTÍ. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan vébanda BTÍ. Þessar skýrslur skulu sendar innan viku eftir að móti lýkur. Ársskýrslur sínar um störf félagsins og tölu iðkenda í félaginu skulu þau senda stjórn BTÍ fyrir 1. ágúst ár hvert.

13. gr.

Dómstóll

Með öll ágreinings- og kærumál innan borðtennishreyfingarinnar skal farið skv. 4. kafla í lögum ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ.

14. gr.

Ný borðtennisfélög

BTÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssamband, vinna að stofnun nýrra borðtennisfélaga.

15. gr.

Niðurlagning

Tillögur um að leggja BTÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmeðu borðtennisþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt,



skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja BTÍ niður. Skal þá afhenta ÍSÍ eignir BTÍ til varðveislu.

16. gr.
Lagabreytingar

Lögum þessum verður ekki breytt nema á borðtennisþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa.

17. gr.
Reglugerðir

Stjórn BTÍ setur með reglum og reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Ákvæði reglna og reglugerða sem nú eru í gildi, halda gildi sínu að því leyti sem ákvæði þeirra fara ekki í bága við lög BTÍ eða ÍSÍ.

18. gr.
Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og falla þá eldri lög úr gildi.
(Samþykkt á ársþingi BTÍ þann 22. apríl 2014).